



Alþingi
Erindi nr. P 138/622
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2009

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, 274 mál

Hér á eftir fylgir umsögn Alþýðusambands Íslands um framangreint frumvarp.

Breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hækka aldursviðmið örorkulífeyris úr 16 ára aldri í 18 ára aldurs. Almennt höfum við Íslendingar miðað við þá skilgreiningu að virkur vinnumarkaðsaldur nái til aldurshópin 16 – 70 ára. Á þessum forsendum er víða í lögum að finna ákvæði um réttindi þessa aldurshóps. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda er t.d. miðað við að tryggingaskylda m.a. vegna örorku sé frá 16 ára aldri og sama gildir um rétt til atvinnuleysistrygginga. Afleiðing þessa má einnig sjá í lögum um tekjuskatt, en full skattskylda hefst við 16 ára aldur. Alþýðusambandið hefur talið mjög mikilvægt að allir á vinnumarkaði njóti sömu kjara og réttinda óháð þjóðerni, félagslegri stöðu eða aldri og setur sig því alfarið gegn þessari breytingu og telur hana með öllu órökstudda. Vilji stjórnvöld endurskoða stöðu ungs fólks á aldrinum 16-18 ára sérstaklega veður það að tengjast heildarendurskoðun á stöðu þessa aldurshóps bæði á vinnumarkaði, bótakerfi og tekjuskattkerfi, en ekki grípa handahófskennt inn hér og þar án samræmdra markmiða eða reglna.

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lengja heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris úr 18 mánuðum í allt að 36 og samhliða því forsendum þessa lífeyrisforms og tekjutengingum gagnvart öðrum bótakerfum. ASÍ hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á endurskoðun örorkubótakerfisins með það að markmiði að efla hlut starfsendurhæfingar og markvissrar virknivæðingar þeirra sem missa starfsgetu og gætu þurft að reiða sig á varanlegar velferðarbætur. Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 náðist samkomulag við þáverandi stjórnvöld að skipa sérstaka nefnd um endurskoðun örorkumatsins sem skilaði niðurstöðu vorið 2007 og í framhaldi af því var skipuð sérstök Framkvæmdanefnd um að breyta gildandi lögum og reglugerðum í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Af ýmsum ástæðum dróst starf Framkvæmdanefndarinnar á langinn, m.a. vegna efnahagshrunsins, en í sumar skilaði sérstakur vinnuhópur niðurstöðu um nýtt Starfshæfnismat sem grundvöll að nýrri hugsun og aðferð við að meta umfang örorku og getu viðkomandi til að stunda launavinnu. Áður en Framkvæmdanefndin fékk ráðrúm til að fjalla um þessa aðferð og endurskoða gildandi reglur um forsendur örorkumatsins var hún lögð af án þess að málið



yrði sett í skilgreindan farveg svo vitað sé. Sú breyting sem hér er lögð til er afar takmörkuð og í reynd óséð hvernig hún á að geta leitt til markverðs árangurs.

Í 18. gr. laga um almannatryggingar segir t.d.: „Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, sbr. II. kafla, eru á aldrinum 16 til 67 ára og:

- a. hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu,
- b. eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.“

Vandséð er hvernig hægt er að taka þetta ákvæði úr sambandi gagnvart einstaka bótaþegum á grundvelli breytinganna á 7. laganna um félagslega aðstoð, þar sem miðað er við allt annað bótahugtak en í fyrrgreindri lagagrein. Óljóst er hvað muni gerast ef bótaþegi hafnar þátttöku í endurhæfingu. Mun hann þá ekki eiga rétt á örorkulífeyri á grundvelli 18. gr.

almannatryggingalaganna? Ef viðkomandi tekur þátt í endurhæfingu á grundvelli breytinganna á 7. gr. laganna um félagslega aðstoð og endurhæfist til 50% starfsgetu missir hann rétt á tekjutryggingu samkvæmt lögnum um almannatryggingar – sem í dag eru um kr. 140.000 á mánuði – en njóta réttar á 50% af örorkulífeyrir (sem er sama fjárhæð og grunnlífeyrir um kr. 29.000 á mánuði).

Vandséð er að slíkt bótakerfi muni leiða til umtalsverðs árangurs í endurhæfingu!

ASÍ tekur undir þau sjónarmið og markmið sem liggja að baki þessari tillögu, telur það algjöra forsendu fyrir að einhver árangur verði af slíkum breytingum að heildarendurskoðun verði gerð á forsendum örorkumatsins sjálfs en ekki afmörkuðum þáttum í lögnum um félagslega aðstoð. Sú vinna var vel á veg komin og miður að starf Framkvæmdanefndarinnar hafi verið lagt af og leggur til að því starfi verði þegar í stað hrundið af stað í nánu samráði við aðila vinnumarkaðarins og Öryrkjabandalag Íslands.

Breytingar á lögum um Ábyrgðasjóð launa

Alþýðusamband Íslands leggur ríka áherslu á að sú breyting sem lögð er til í 14. gr. frumvarpsins komi til framkvæmda. Hún er gerð í samráði við ASÍ og aðra aðila vinnumarkaðarins og ætlað að tryggja launafólki sömu réttindi í Ábyrgðasjóði launa og giltu fram á þetta ár.

Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Miðstjórn ASÍ hefur fjallað um viðbótarsparnaðarkröfu sem gerð er á Fæðingarorlofssjóð vegna ársins 2010 upp á 1,2 milljarða kr. Það er skoðun ASÍ að með þessari sparnaðarkröfu sem kemur til viðbótar því sem áður hefur verið ákveðið sé með alvarlegum hætti vegið að því framsækna fæðingarorlofskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi frá árinu 2000. Fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að vera mikilvægur grundvöllur réttinda barna til að vera samvistum við báða foreldra sinna, aukins jafnréttis á vinnumarkaði og möguleika beggja foreldra til að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Jafnframt skal bent á að lögin voru á sínum tíma sett á grundvelli yfirlýsingar þáverandi ríkisstjórnar í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Upphaflega löggjöfin og



þær breytingar sem síðan hafa orðið á lögnum byggðu á samráði stjórnvalda og verkalyðshreyfingarinnar, enda ljóst að hér er um að ræða mikilvægan hluta af réttindakerfi á vinnumarkaði.

Sparnaðarkrafan nú þýðir í reynd ríflega 10% frestun eða hreina skerðingu á réttindum úr sjóðnum og er þá ekki tekið tillit til hækkana fjárhæða sem hefðu átt að koma til framkvæmda um næstu áramót. Í þessu sambandi skal bent á að nú þegar er búið að skerða réttindi úr sjóðnum tvisvar sinnum síðan um síðustu áramót. 1. janúar sl. var hámarksgreiðsla úr sjóðnum lækkuð úr 480.000 kr. í 400.000 kr. Þá var hámarkið aftur lækkað 1. júlí sl. nú í 350.000 kr. Engar rannsóknir liggja fyrir vegna mögulegra áhrifa þeirra breytinga sem þegar hafa verið ákveðnar, hvorki félagsleg eða fjárhagsleg. Þá er vert að benda á að samkvæmt stöðugleikasáttmálanum sem gerður var í júní sl. var gert ráð fyrir að skerðing í velferðarkerfinu yrði ekki yfir 5%.

Í ljósi framanritaðs leggur ASÍ til að tillagan um frestun og frekari skerðingu greiðslna í fæðingarorlofi verði endurskoðuð og hún dregin til baka.¹

Breytingar á lögum um húsnæðismál

Alþýðusamband Íslands styður þá breytingu sem lögð er til með 20. gr. frumvarpsins. Verði þessi heimild nýtt er ljóst að hún mun væntanlega leiða til bættrar þjónustu við þann hóp sem þarf á hjúkrunarheimilum að halda. Þá er ljóst að uppbygging hjúkrunarheimila á næstu mánuðum og misserum getur orðið mikilvægt framlag til að bæta úr bágu atvinnustigi í byggingariðnaði sem hefur farið mjög illa út úr samdrætti síðustu mánaða og missera.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,

aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

¹ Hvað varðar útfærsluna á frestun eða skerðing fæðingarorlofs gengur 16. gr. frumvarpsins úr á að foreldrar fresti einum af þremur mánuðum sem þeir eiga sameiginlega þar til barnið hefur ná 36 mánaða aldri (eða 36 mánuðum eftir að það kom inn á heimilið ef um frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er að ræða) og hafi þá tvö næstu ár til að nýta réttinn. Einnig geta foreldrar tekið alla níu mánuðina strax en þá þannig að greiðslur fyrir 8 mánuði dreifast á mánuðina níu og greiðsla fyrir einn mánuð fellur þá alfarið niður.

Um framangreinda útfærslu má síðan segja að hún er einkar óskýrt fram sett og til þess fallin að valda misskilningi. Þá er ljóst að hún mun bitna illa á foreldrum og þá sérstaklega einstæðum foreldrum. Einnig virðist ekkert hafa verið litið til þess hvaða áhrif hún hefur varðandi kröfur á hendur sveitarfélaganna, hvort heldur litið er til þjónustu eða fjárútláta.



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. desember 2009

Efni: Umsögn BSRB um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni fatlaðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, þskj. 315 - 274. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga sem mælir fyrir um breytingar á framangreindum lögum. Margar þeirra breytinga á lögum sem lagðar eru til með frumvarpinu eru að mati bandalagsins jákvæðar, en dæmi þess eru breytingar á lögum um Ábyrgðasjóð launa og breyting á lögum um húsnæðismál ásamt rýmkun á gildissviði úrskurðarnefndar almanna-trygginga þ.e. breyting á lögum um almannatryggingar.

BSRB gerir ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins að undanskildum fyrirhugðum breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof:

Í ályktun BSRB um fyrirhugaðar breytingar á fæðingarorlofskerfinu kom meðal annars fram að bandalagið krefðist þess að sú sparnaðarkrafa sem hefur verið lögð á fæðingarorlofssjóð verði endurskoðuð.

Markmið fæðingarorlofslaganna er að tryggja að barn og foreldrar geti notið samvista. Einnig er lögunum ætlað að tryggja samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs foreldra. Ef ákveðið verður að lækka þak greiðslna í fæðingarorlofi úr 350 þúsund kr. í 300 þúsund kr. hefur hámark þess verið lækkað um 44% á einu ári. Ljóst er að slíkar breytingar kollvarpa því kerfi sem barist hefur verið fyrir að ná fram síðastliðin ár. Slík skerðing á greiðslum í fæðingarorlofi dregur úr líkum þess að markmið laganna náist og er jafnframt varhugaverð afturför í jafnréttismálum. Hins vegar telur BSRB ekki að jafnrétti gangi framár réttindum barns og leggur því áherslu á að réttindi barns verði ávallt höfð í forgangi.

Verði sparnaðarkröfunni ekki aflétt með öðrum hætti en að skerða greiðslur í fæðingarorlofi leggur bandalagið áherslu á að reynt sé með öllum ráðum að milda áhrif breytinganna með sem mestum hætti. BSRB telur að það felist einkum í ákveðnum sveigjanleika en leggur áherslu á að tímalengd fæðingarorlofsins haldist óbreytt. Í samræmi við markmið ríkisstjórnar hefur bandalagið tekið afstöðu til þess að í núverandi efnahagsþrengingum verði gengið út frá því að lægstu launin verði varin. Því leggur bandalagið áherslu á að þak greiðslna í fæðingarorlofi verði fremur lækkað en að hlutfall greiðslna verði lækkaðar heilt yfir. Til að milda áhrifin gagnvart þeim launahærri leggur bandalagið til þann sveigjanleika að foreldrar hafi líkt og áður möguleika



á að taka samtals níu mánaða fæðingarorlof en geti haft meiri áhrif hversu háar greiðslur þeir fái hvern mánuð, þó að heildarútkoman sé ávallt sú sama.

Þá verður einnig að eiga sér stað samræður við sveitarfélögin um möguleika foreldra til að fá niðurgreiðslu vegna umönnunar hjá dagforeldrum ef foreldrar kjósa að fara fyrir út á vinnumarkaðinn.

Að lokum leggur bandalagið eindregið til að veittur verði eins mikill aðlögunartími fyrir mögulegar lagabreytingar og kostur er. Fjöldi fjölskyldna mun verða fyrir verulegri röskun tekna og hefur gert áætlanir í samræmi við þær forsendur sem áður voru fyrir hendi. Þeir foreldrar sem eignast börn síðar á árinu 2010 hafa þá meira svigrúm til að aðlaga aðstæður sínar að breyttu fyrirkomulagi greiðslna í fæðingarorlofi og í samræmi við það skipuleggja orlofstökuna og fjárhagsmál sín.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir

framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/701
komudagur 11.12.2009

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri
Stúdentafélag Hólaskóla
Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands

11. des., 2009

Nefndasvið Alþingis

Svar við umsagnarbeiðni varðandi:

Frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar o.fl. (aukið eftirlit og þrengri reglur), 273. mál.

Frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (breyting ýmissa laga, lægri útgjöld ríkissjóðs), 274. mál.

Sökum þess að félögin hafa einungis haft þrjá sólarhringa til þess að fara yfir frumvörpin þá telja félögin að tíminn sé fjarri því að vera nægur til þess að svara beiðninni. Hafa ber í huga að félögin samanstanda af fólki sem sinnir hagsmunagæslu nemenda í sjálfboðavinnu. Það fólk er nú í miðri prófatíð og því síður að þrír sólarhringar dugi okkur til þess að vinna umsögn um jafn umfangsmikið og mikilvægt mál á greinargóðan hátt.

Félag stúdenta við HA, stúdentafélag Hólaskóla og nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands hafa ýmsar athugasemdir við frumvörpin og telur nauðsynlegt að fá lengri tíma til þess að fara betur yfir í samráði við okkar félagsmenn. T.a.m. er óljóst hvort þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. og 16. gr. frumvarps um breytingar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar standist Stjórnarskrá. Í 1. mgr. 76. gr. Stjórnaskrár Íslands segir „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.”

Breytingarnar leiða til ýmissa spurninga og alveg ljóst að breytingarnar munu skerða kjör og stöðu stúdenta í landinu. Því vilja félögin óska eftir lengri tíma til þess að skoða vandlega þau vafamál sem okkur snertir sem og að eiga samráð við fulltrúa innan skólanna til þess að tryggja lýðræðisleg vinnubrögð innan okkar hreyfingar.

Það er einlæg ósk okkar að nefndin veiti okkur lengri frest til þess að fara frumvarpið til þess að tryggja málefnaleg og lýðræðisleg vinnubrögð.

f.h. félags stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Ragnar Sigurðsson, formaður FSHA.

f.h. stúdentafélags Hólaskóla

Birgir Örn Sigurðsson

f.h. nemendafélags Landbúnaðarháskóla Íslands

Lilja Jóhannesdóttir

**Félags- og
tryggingamálaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Akureyrarkaupstaður, Borgarbyggð, Fljótsdalshérað, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.
Sendandi: Félags- og tryggingamálaráðuneyti
Dagsetning: 04.12.2009
Málsnúmer: FEL08120141
Bréfalykill: 1310
Efni: Bygging hjúkrunarheimila-leiguleið.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs frá maí 2009 er kveðið á um að staðið verði við framkvæmdaáætlun um ný hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Á fundi þann 13. október 2009 féllst ríkisstjórnin á tillögu félags- og tryggingamálaráðherra um nýja leið til að fjármagna uppbyggingu hjúkrunarrýma. Félags- og tryggingamálaráðuneyti hefur í samvinnu við fjármálaráðuneyti og Framkvæmdasýslu ríkisins unnið að útfærslu þeirrar leiðar.

Hér skulu kynntar meginforsendur fyrirhugaðra samninga milli ráðuneytanna og níu sveitarfélaga um byggingu 361 rýmis á hjúkrunarheimilum. Þau sveitarfélög sem um ræðir eru; Akureyrarkaupstaður, Borgarbyggð, Fljótsdalshérað, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

Almennt

Gera skal sérstakan samning um byggingu og leigu hjúkrunarheimilis milli sveitarfélags og félags- og tryggingamálaráðuneytis, með staðfestingu fjármálaráðuneytis sbr. 30 grein laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Hönnun og framkvæmd

Sveitarfélag leggur til lóð undir hjúkrunarheimilið án kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Sveitarfélag tekur að sér hönnun og byggingu húsnæðisins. Við hönnun skal fylgja þeim leiðbeiningum sem fram koma í ritinu "Skipulag hjúkrunarheimila" frá nóvember 2008.

Félags- og tryggingamálaráðuneyti mun fela Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) að fylgjast með undirbúningi sveitarfélaga hvað varðar gæði og viðmið við hönnun húsnæðisins. FSR mun einnig koma fram sem fulltrúi ráðuneytisins á framkvæmdatímanum

Mánaðarlegt leigugjald ríkissjóðs verður verðbætt frá afhendingardegi hjúkrunarheimilis að telja með sama hætti og lán Íbúðalánasjóðs.

Í lok leigutímans verður hjúkrunarheimilið í eigu sveitarfélags.

Búnaður

Félags- og tryggingamálaráðuneyti telur rétt að taka upp viðræður við sveitarfélögin um þátttöku þeirra í kaupum á búnaði fyrir hjúkrunarheimilin.

Alþingi
Erindi nr. P 138/664
komudagur 10.12.2009



JAFNRÉTTISRÁÐ

Reykjavík, 10. desember 2009

Ályktun Jafnréttisráðs um skerðingu fæðingarorlofs

274. mál

Jafnréttisráð geldur varhug við þeirri styttingu fæðingarorlofs um einn mánuð sem nú eru uppi áform um. Hún mun bitna á öllum hlutaðeigandi, konum, körlum og - ekki síst - börnum. Mest skerðist þó hlutur einstæðra mæðra - og barna þeirra - í þeim tilfellum þar sem faðir nýtir ekki rétt sinn til fæðingarorlofs.

Þessi áform fela heldur ekki í sér lausn til frambúðar heldur er vandanum aðeins ýtt fram á við um einhver ár. Hætt er við að uppsöfnuð fjárförf þá skapi ný vandamál og erfiðari en nú er við að glíma. Hver verður lausnin þá?

Ef boðaðar breytingar á frumvarpi um fæðingarorlof ná fram að ganga er það alvarlegt bakslag í jafnréttisbaráttunni sem er illa sæmandi ríkisstjórn sem kennir sig við jafnrétti og hefur það sem eitt af meginmarkmiðum sínum.

Jafnréttisráð skorar því á ríkisstjórnina að gaumgæfa vel hugsanlegar afleiðingar boðaðs niðurskurðar, því í upphafi skyldi endinn skoða, og leita allra annarra mögulegra leiða til að mæta slæmri stöðu fæðingarorlofssjóðs.

F.h. Jafnréttisráðs,

Þórhildur Þorleifsdóttir

formaður Jafnréttisráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 10. desember 2009.

Efni: umsögn um 273 mál, þskj. 314, og um 274 mál, þskj. 315, 138. lþ.

Með tölvubréfi dags. 8. desember 2009, óskaði félags- og tryggingamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfeálga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, mál nr. **273, þskj. 314**, 138. lþ. Þess var óskað að umsögn bærist ekki síðar en á hádegi 11. desember 2009.

Fresturinn sem gefinn var til þess að veita umsögn um frumvarpið var svo stuttur að ekki voru tök á því á Jafnréttisstofu að fara ítarlega yfir frumvarpið. Jafnréttisstofa telur mjög brýnt að löggjafinn gæti að því að þau úrræði og þær leiðir sem fjallað eru um í frumvarpinu nýtist bæði konum og körlum og að viðurlög og regluverk komi ekki verr niður á öðru kyninu en hinu.

Með tölvubréfi dags. 8. desember 2009, óskaði félags- og tryggingamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðarsjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, mál nr. **274, þskj. 315**, 138. lþ Þess var óskað að umsögn bærist ekki síðar en á hádegi 11. desember 2009. Með tölvubréfi 8. desember 2009 var fulltrúi Jafnréttisstofu jafnframt boðaður á fund félags- og tryggingamálanefndar fimmtudaginn 10. desember 2009, milli kl. 18:00 og 20:00. Fundarboðið kom með svo stuttum fyrirvara að Jafnréttisstofa getur ekki sent fulltrúa sinn á fund nefndarinnar, því miður. Jafnréttisstofa er staðsett á Akureyri, sem kunnugt er, og því nauðsyn á nokkrum fyrirvara, til þess að mögulegt sé að senda fulltrúa á fund nefnda þingsins.

Um frumvarpið í heild er það að segja að fresturinn sem gefinn var til þess að veita umsögn um frumvarpið var svo stuttur að ekki voru tök á því á Jafnréttisstofu að fara ítarlega yfir frumvarpið. Jafnréttisstofa telur mjög brýnt að löggjafinn gæti að því að þau úrræði og þær leiðir sem fjallað eru um í frumvarpinu nýtist bæði konum og körlum og að skerðing á réttindum komi ekki verr niður á öðru kyninu en hinu.


Jafnréttisstofa gerir IV. kafla laganna, um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, að sérstöku umfjöllunarefni. Í frumvarpinu er lagt til að

foreldrum verði gert að fresta í 36 mánuði töku á einum af 3 mánuðum sem foreldrar geta skipt á milli sín. Eftir stendur að móðirin á þá 3 mánuði, faðirinn 3 og þau geta skipt á milli sín 2 mánuðum. Líklegast er að í flestum tilvikum verði þetta þannig að móðirin taki þá 5 mánaða orlof og faðirinn hafi sína þrjá óskerta. Ekkert er ljóst um það hvort foreldrar myndu yfirleitt taka síðasta mánuðinn þegar barn er á bilinu 3 til 5 ára eins og lagt er til. Jafnréttisstofa telur að hér sé í raun verið að stytta fæðingarorlofstímann úr 9 í 8 mánuði, og þannig að mæður fái einungis 5 mánuði. Það er andstætt því sem heilbrigðisstéttir hafa talað fyrir og því sem almennt er mælt með, þ.e. því að börn séu einungis á brjósti fyrstu 6 mánuðina. Ef móðirin þarf að fara að vinna eftir 5 mánuði er ljóst að það mun í mörgum tilvikum koma í veg fyrir að barnið njóti bestu umönnunar og næringar. Þessi breyting, ásamt þeirri lækkun á greiðslum til foreldra, sem þegar er orðin, gerir það að verkum að raunverulega er verið að hrófla við því kerfi sem við hér á landi höfum stært okkur af á alþjóða vettvangi. Fæðingarorlofið verður þá orðið mjög stutt hér og það er ekki orlof vegna fæðingar að taka einn orlofsmánuð þegar barn er á aldrinum 3 til 5 ára. Slíkur tími nýtist þá alls ekki í kringum fæðingu barns og stendur því ekki undir nafni.

Jafnréttisstofa leggst gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. Jafnframt beinir Jafnréttisstofa þeim tilmælum til löggjafans að annarra leiða verði leitað til þess að bæta fjárhagslega stöðu fæðingarorlofssjóðs.

Virðingarfyllt
f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur



LANDSSAMBAND
ELDRI BORGARA

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
Kt.: 600989-4059; Fax: : +3545515835
Sími: +354-5677111 / +354-6986250.
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

*Alþingi
Erindi nr. P 138/766
komudagur 15.12.2009*

Til félags- og tryggingamálanefndar Alþingis

Reykjavík 14. desember 2009

Efni: Umsagnir um mál 273 og mál 274

Landssamband eldri borgara fjallaði um mál 273 og 274 á stjórnarfundi þann 9. desember sl.

LEB gagnrýnir þann stutta fyrirvara sem hafður er á til að skila inn umsögnum. Hvað varðar umsögn um 273. mál þá gerir LEB ekki athugasemd við það, þar sem breytingar virðast gerðar til að koma í veg fyrir misnotkun á greiðslu atvinnuleysisbóta. LEB gerir heldur ekki athugasemdir við breytingu á lögum nr. 125/1999 um málefni eldri borgara, 19. gr. B, þar sem lagt er til að framkvæmdasjóður aldraðra leggi til hluta af rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila árin 2012 og 2013. Sömu sögu er að segja um breytingu á lögum nr. 44/1998 30 gr. um lán úr Íbúðalánasjóði vegna byggingar hjúkrunarheimila. LEB hefur lagt áherslu á að bæta þarf kjör og þjónustu eldri borgara og á fundi með félags- og tryggingamálanefnd þann 12. desember var rætt um helstu áhersluatriði LEB nú um stundir.

1. Stofnað verði embætti umboðsmanns aldraðra eða aukinn fjárstyrkur til Landssambands eldri borgara til að vinna að brýnustu hagsmunamálum elstu kynslóðarinnar.
Ath. 50.000 manns 60 ára og eldri í landinu og hlutfallið mun aukast á næstu árum þar sem breyting verður á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Brýnt að bregðast við því.
2. LEB mótmælir þeim skerðingum sem eldri borgarar hafa orðið fyrir á yfirstandandi ári og krefst þess að það verði leiðrétt sem fyrst
Ath. Skerðingar sl. áramót, tap eldri borgara á hlutabréfum í hruninu, skerðingar 1. júlí þrátt fyrir launahækkanir á almennum vinnumarkaði og fyrirhugaðar hækkanir næstu áramót. Brot á 1. gr. Laga um málefni eldri borgara og brot á mannréttindum.
3. Unnið verði markvisst að því að hækka lífeyri aldraðra svo hann dugi fyrir framfærslukostnaði skv. neyslukönnun Hagstofu Íslands.




LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík
Kt.: 600989-4059; Fax: : +3545515835
Sími: +354-5677111 / +354-6986250.
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

- Ath. Dugar ekki, dýrara að vera eldri borgara, almennar verðhækkanir, aukin kostnaður varðandi heilbrigðisþjónustu og lyfjakostnað, ekki sparnaður fyrir samfélagið að gera eldri borgara ósjálfbjarga.
4. Samræmi verði milli lífeyrisgreiðslna öryrkja og eldri borgara.
Ath. Laun (bætur) lækka nú þegar fólk fer af örorkulífeyri og fær ellilífeyri.
 5. Uppbygging dvalarheimila aldraðra verði í samræmi við Edenhugmyndafræðina samanber opinbera stefnu varðandi uppbyggingu þjónustu við aldraðra í Færeyjum.
Ath. Betri þjónusta og jafnframt ódýrari kostur.
 6. Eldri borgarar eigi kost á notendastýrðri persónulegri aðstoð eins og öryrkjar.
Ath. Betri þjónusta og ódýrari kostur.
 7. Dvalargjöld á stofnunum verði afnumin, fólk greiði fyrir þá þjónustu sem það fær.
Ath. Núverandi kerfi úrelt og tíðkast hvergi í nágrannalöndunum.
 8. Við útreikning greiðslan frá TR verði a.m.k. 120 þúsund króna frítekjumark og skipti þá engu hvort tekjur séu atvinnutekjur eða fjármagnstekjur.
Ath. Hvetur eldri borgara til að vera virkari í samfélaginu og seinkar ótímabærri öldrun.
 9. Verðbætur reiknist ekki til tekna, einungis raunvextir skattlagðir.
Ath. Eignaupptaka.
 10. Einungis eru greiddar fjármagnstekjur af því sem er umfram 5 milljónir í sparifé eldri borgara.
Ath. Nauðsynlegt til að eldri borgarar geti dvalið lengur í heimahúsum að þeir geti séð um viðhald eigna sinna. Sparnaður fyrir samfélagið og betri kostur fyrir eldri borgara.
 11. Lífeyrir allra lífeyrisþega fái fulla verðlagsuppbót frá 1. mars sl. en um síðustu áramót fékk meiri hluti lífeyrisþega skerta verðlagsuppbót og mátti því sæta skerðingu á lífeyri sínum frá almannatryggingum.
Ath. Um áramót fengu aðeins þeir sem eru með lágstan lífeyri fullar verðlagsuppbætur, tæplega 20%, en aðrir lífeyrisþegar fengu aðeins 9,6% verðlagsuppbót.

Fyrir hönd stjórnar Landssambands eldri borgara

Valgerður Katrín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/745
komudagur 9.12.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2009

0912023SA
Málalykill: 231

Efni: Umsögn um frv. til l. um almannatryggingar o.fl. 274. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, vegna félags- og tryggingamálanefndar, dags. 8. desember s.l., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Eins og fram kemur í heiti þingmálsins er um að ræða tillögur til breytinga á ýmsum lögum í því skyni að lækka útgjöld ríkissjóðs. Er fyrirbyggjandi frumvarp þannig lagt fram samhliða frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010, og til þess að forsendur þess síðarnefnda gangi eftir um tekjur og gjöld. Í fjárlagafrumvarpinu er stefnt að verulegum samdrætti í útgjöldum ríkissjóðs.

Óskað hefur verið eftir því að á fundi nefndarinnar þann 10. desember geri sambandið grein fyrir helstu sjónarmiðum sínum varðandi málið. Þar sem umsagnarfræstur er aðeins þrír virkir dagar og sambandið þarf einnig að vinna umsagnir vegna fjölmargra annarra þingmála hefur ekki gefist tími til þess að gaumgæfa alla þætti frumvarpsins. Umsögnin mun því einskorðast við eftirtalin tvö atriði sem einkum snúa að sveitarfélögunum.

1. Áhrif af breytingum á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt 16. gr. frv. verður bætt við lög nr. 95/2000, þremur bráðabirgðaákvæðum sem hafa munu í för með sér frestun á greiðslum vegna fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks fyrir einn mánuð af því tímabili sem annars væri greitt samfelld fyrir. Um er að ræða tímabundna ráðstöfun vegna aðstæðna í ríkisfjármálunum.

Að mati sambandsins orkar þessi tillaga mjög tvímælis út frá réttarstöðu barna og er tekið undir varnaðarorð stýrihóps Velferðarvaktarinnar hvað það varðar.

Á það er einnig bent að umrædd frestun mun hafa kostnaðaráhrif á sveitarfélögin, með því að foreldrar muni almennt fyrr vilja nýta sér dagvistunarúrræði en ella væri. Hver kostnaðaráhrifin verða er þó að einhverju leyti háð því hvernig atvinnuástandið þróast og hvernig búið verður að möguleikum ungs barnafólks til þess að sækja nám. Þá getur einnig haft kostnaðaráhrif á sveitarfélög, eins og aðra atvinnurekendur, að foreldrar taki ólaunað foreldraorlof, sem kallar á kostnað vegna afleysinga.

Þrátt fyrir slíka óvissuþætti, og enda þótt varla verði um að ræða verulegan útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin, er ríkisvaldinu bæði rétt og skylt að láta meta áhrifin með heildstæðum hætti gagnvart opinberum aðilum, þ.e. að hvaða marki sparnaður í einum málaflokki leiðir til útgjalda í öðrum. Er mjög brýnt að taka upp slík vinnubrögð, sbr. þær meginlínur sem lagðar voru í svokölluðum vegvísi um gerð hagstjórnarsamnings milli ríkis og sveitarfélaga sem undirritaður var af fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála ásamt forystumönnum sambandsins þ. 1. október 2009.



Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er farið fram á það af hálfu Sambands Íslenskra sveitarfélaga, að frv. um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof verði vísað aftur til félags- og tryggingamálaráðherra til frekari úrvinnslu og undirbúnings.

2. Ráðstafanir sem varða hjúkrunarrými fyrir aldraða

Samkvæmt frumvarpinu er um tvennt að ræða, annars vegar heimild til tímabundins framlags úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna rekstrarkostnaðar 60 nýrra hjúkrunarrýma frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2013, hins vegar heimild til handa Íbúðalánasjóði til þess að lána sveitarfélögum fyrir framkvæmdakostnaði við að koma upp hjúkrunarrýmum fyrir aldraða.

Hvað varðar fyrrnefndu heimildina, þá er þar um að ræða frávík frá þeirri meginreglu að Framkvæmdasjóður kosti ekki rekstur hjúkrunarrýma. Ástæða þessarar ráðstöfunar er hagræðingarkrafa til heilbrigðisstofnana vegna samdráttar í rekstri hins opinbera. Sambandið gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við að þetta frávík sé heimilað í þágu nýrra hjúkrunarrýma, en leggur áherslu á að rekstur sveitarfélaga á hjúkrunarheimilum hefur í mörgum tilvikum verið afar þungur og jafnvel tvísýnt hvernig þjónustunni muna reiða af á komandi misserum. Þetta gildir í raun jafnt um stóru sveitarfélögin, eins og Reykjavík, og þau smærri.

Ljóst er að ekki verður lengra gengið í niðurskurði fjárframlaga til hjúkrunarheimila og er tillaga frv. ákveðin viðurkenning á því. Hér þarf þó væntanlega meira til og telur sambandið koma til álita að Framkvæmdasjóði aldraðra verði veitt heimild til þess að bregðast við með rekstrarkostnaðarframlögum ef stöðvun blasir ella við.

Hvað varðar síðarnefndu heimildina, þá telur sambandið hana jákvæða og tímabæra. Mikilvægt er að þau áform sem hér um ræðir eru tengd við uppbyggingu hjúkrunarrýma með leigufyrirkomulagi. Forsendan fyrir þeim áformum er að tekin verði afstaða til þess með hvaða hætti ríkið og/eða þeir einstaklingar sem dvelja á heimilunum koma til með að greiða leigu, en leigan verður þá væntanlega notuð til þess að greiða til baka þessi lán. Í dag er ekki greidd húsaleiga fyrir hjúkrunarheimili að Sóltúni undanskildu.

Að lokum skal bent á að Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur gert athugasemd við 1. gr. frv. þar sem fjallað er um valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. meðf. bréf forstjóra stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal.

Bréf Jóns Ingvars Pálssonar, forstjóra Innheimtustofnunar sveitarfélaga,
dags. 9. desember 2009

Fylgiskjal með umsögn um frv. til l. um almannatryggingar o.fl., 274. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga
b/t Tryggva Þórhallssonar hdl

Athugasemdir Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna fyrirhugaðra breytinga á lögum um almannatryggingar o.fl.

Reykjavík, 9. desember 2009

Ég vísa til símtals okkar nú í morgun varðandi ofangreint efni. Rétt er að taka fram að tíminn sem gefst til athugunar á málefnum er verulega knappur og kunna athugasemdir okkar að bera nokkurn keim af því.

Innheimtustofnun sveitarfélaga vill þó koma að athugasemdum sínum vegna þeirrar breytingar sem fyrirhugað er að gera á 1. mgr. 7. gr. l.nr. 100/2007 um almannatryggingar. Í frumvarpi Félagsmálaráðuneytis er gerð tillaga um að henni verið breytt og hún verði svohljóðandi:

„Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta eða greiðslna skv. lögum þessum kveður sjálfstæð og óháð nefnd, úrskurðarnefnd almannatrygginga upp úrskurð í málinu. Sama gildir um ágreining um endurkröfufétt, ofgreiðslur og innheimtu þeirra, sbr. 55. gr. „

Við fyrstu sýn virðist ákvæðið einungis ná til ágreinings um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta skv. þeim lögum, þ.á.m um fyrirframgreiðslu meðlaga í 63. gr. laganna. Sé það reyndin, þ.e. ef ekki er tilgangurinn með ákvæði þessu að breyta meðlagsskyldunni sem slíkri, heldur eingöngu fyrirkomulagi greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins á meðlagsgreiðslum sem það þegar greiðir út, þá hefur Innheimtustofnun sveitarfélaga í sjálfu sér engar athugasemdir við það.

Það sem vekur þó athygli er að í athugasemdum með greininni kemur ennfremur fram að:

„[...] með þessu sé verið að rýmka valdsvið nefndarinnar og að nefndin fái einnig það hlutverk að kveða upp úrskurði sem varða aðrar greiðslur en bætur skv. almannatryggingalögum, t.d. meðlagsgreiðslur [...]“

Framangreindar athugasemdir gefa hins vegar tilefni til að skoða hvort með þessu sé verið að heimila úrskurðarnefnd almannatrygginga að fjalla um álitaefni varðandi meðlagsskyldu einstaklinga, þ.á.m. um grundvöll, skilyrði eða upphæð hennar. Ákvörðun um meðlagsskyldu er í höndum sýslumanns og almennra dómstóla, sbr. ákvæði barnalaga. Að mati Innheimtustofnunar er brýnt að taka af öll tvímæli að ákvörðun um grundvöll meðlagsskyldu sé í höndum sýslumannsembættta og ekki sé hægt að skjóta ákvörðunum um hana til sérstakrar úrskurðarnefndar. Varhugavert verður að telja að breyta þeirri skipan án nánari skoðunar. Ljóst er að þar með er jafnræði aðila stefnt í hættu og e.t.v. verður ekki hægt að styðjast við eða treysta meðlagsúrskurðum vegna tíðra breytinga á þeim.

Einnig er rétt að skoða nánar hvort þarna sé verið að útfæra valdsvið úrskurðarnefndarinnar á þann hátt að taki til innheimtu meðlaga, en sú innheimta fer eftir lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Breyta þyrfti þá samfara þessum breytingum ákvæðum annarra laga. Að mati Innheimtustofnunar þyrfti og að koma til kærumeiðid í þeim lögum til að slíkt gæti orðið að veruleika.

Virðingarfyllst,

Jón Ingvar Pálsson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/665
komudagur 10.12.2009

Nefndasvið Alþingis,
félags- og tryggingamálanefnd,
b.t. Hildar Evu Sigurðardóttur, nefndarritara.

Frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (breyting ýmissa laga, lægri útgjöld ríkissjóðs), 274. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Í framhaldi af umsagnarbeiðni Alþingis könnuðu samtökin afstöðu váttryggingafélaganna til frumvarpsins, en þau gerðu ekki athugasemdir við það. Í ljósi þess munu SFF ekki senda umsögn um málið. Ég geri heldur ekki ráð fyrir því að ástæða sé til þess að fulltrúar SFF mæti á fund nefndarinnar, nema þess verði sérstaklega óskað.

Bestu kveðjur / Best Regards,

Helga Jónsdóttir

Héraðsdómslögmaður / Attorney at Law
Sími / Tel: (+354) 591 0400
Farsími / Mobile: (+354) 899 7903
Netfang / e-mail: helga@sff.is
www.sff.is

SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Alþingi
Erindi nr. P 138/890
komudagur 29.12.2009



SAMTÖK FYRIRTÆKJA
Í HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Hveragerði 23. desember 2009

Alþingi – nefndasvið

Kirkjustræti

101 Reykjavík

Stjórn Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu mótmælir fyrirhugaðri breytinga á lögum nr. 125/1999 er varða innheimtu á hlut vistmanns í dvalarkostnaði í þingskjali 315 mál nr. 274. Breytingin er áætluð sem hér segir:

„4. másl. 1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo: Nú tekst stofnun ekki að innheimta hlut vistmanns í dvalarkostnaði og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.”

Áður hljóðaði þetta ákvæði svona: „Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.”

Stjórn SFH telur að þessi breyting sé íþyngjandi fyrir þær stofnanir sem þurfa að innheimta hlut vistmanna í dvalargjaldi þar sem fellt er út að um sé að ræða vanrækslu við innheimtuna, heldur getur TR einhliða ákveðið að halda eftir þessum greiðslum. Þar að auki er það skoðun stjórnar SFH að þessi innheimta eigi alls ekki heima í höndum umræddra stofnana heldur eigi TR að innheimta þessa kostnaðarhlutdeild beint hjá viðkomandi vistmönnum.

Virðingarfyllst,

Gísli Páll Pálsson

Formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

HVERAHLÍÐ 20 - 810 HVERAGERÐI

KT. 560502 6720 - WWW.SAMTOK.IS

Alþingi
Erindi nr. P 138/700
komudagur 11.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. desember 2009
RH/SLB/040/09

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðarsjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum, 274. mál

Visað er til tölvubrúfs dags. 8. desember 2009 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Stofnunin fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007 sem að okkar mati munu leiða til betri framkvæmdar laganna. Í þessu sambandi skal sérstaklega taka fram þrjú atriði.

Í fyrsta lagi hefðu þessar breytingar í för með sér að réttaróvissa varðandi valdsvið úrskurðarnefndar almannatrygginga yrði úr sögunni.

Í öðru lagi myndu breytingarnar leiða til einföldunar á innheimtu bóta með því að ofgreiðslur yrðu aðfararhæfar, að lagað yrði ósamræmi í heimild til skuldajöfnunar varðandi það að fleiri aðstæður en breyttar tekjur geta leitt til ofgreiðslu, að vafa vegna dánarbúa væri eytt og að heimilt yrði að ákvarða vexti af ofgreiðslum sem tekur lengri tíma en 12 mánuði að innheimta

Í þriðja lagi myndu breytingarnar sem lagðar eru til á ákvæði laganna um endurhæfingarlífeyri gera það að verkum að framkvæmdin yrði meira í samræmi við nútímahugmyndir um endurhæfingu, sérstaklega þá nálgun að horft sé til starfshæfni sem markmiðs og að endurhæfing skili fólki aftur út á vinnumarkaðinn.


Rétt er þó að taka fram að fyrirhugaðar breytingar á 9. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 hefðu mátt vera skýrari varðandi sérstaka uppbót á lífeyri til framfærslu. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þarna sé verið að fella inn í löginn ákvæði reglugerðar nr. 878/2008 um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega, með síðari breytingu, en ekki sé gert ráð fyrir efnislegum breytingum á núgildandi reglugerð eða framkvæmd Tryggingastofnunar ríkisins. Athygli skal vakin á því að fyrirhugaður texti ákvæðisins kveður t.d. ekki á um búsetuskerðingu eins og reglugerðin hefur gert en eðlilegt verður að teljast að kveðið sé á um jafn mikilvægt atriði og það í lögum.

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114
150 Reykjavík
Sími: 560 4400
Bréfsími: 560 4451
tr.is

Varðandi lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 þá ber þess að geta að í ljósi fyrirhugaðra breytinga á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 verður enn flóknara en áður að framkvæma samanburð við eldri reiknireglur við útreikning á kostnaðarþátttöku vistmanns, eins og kveðið er á um í framlengingu á bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu.


Varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum um Ábyrgðarsjóð launa nr. 88/2003 og lögum um fæðingar- og foreldrarorlof nr. 95/2000 þá hefur Tryggingastofnun ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins hvað þau lög varðar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/561
komudagur 9.12.2009



Velferðarvaktin

Til félags- og tryggingamálaráðherra og
félags- og tryggingamálanefndar Alþingis

8. desember 2009

274. mál

Velferðarvaktin varar við áformum stjórnvalda um að fresta greiðslu foreldra- og fæðingarorlofs að hluta til, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á lögum um þetta efni. Velferðarvaktin telur að með þessu sé alvarlega gengið á rétt barna til samvista með foreldrum sínum á mikilvægum tíma í mótunarskeiði þeirra. Þessi áform eru sérstaklega alvarleg gagnvart börnum einstæðra mæðra í þeim tilvikum sem feðurnir nýta að engu leyti rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeim börnum yrðu einungis tryggðir fimm mánuðir með móður á fyrsta æviári í stað sex mánaða.

Fæðingarorlof hér á landi er með því stysta sem gerist hjá Norðurlandabjóðum, þrátt fyrir miklar réttarbætur í þágu barna með nýrri löggjöf um foreldra- og fæðingarorlof sem samþykkt var á Alþingi árið 2000.

Stýrihópur Velferðarvaktarinnar hefur áður bent á mikilvægi þess að gæta sérstaklega að þörfum barna og ungmenna í öllum aðgerðum vegna efnahagskreppunnar

Ályktun þessi var samþykkt á fundi stýrihóps Velferðarvaktarinnar í dag,

Til félags- og tryggingamálanefndar
Alþingis.



Reykjavík 11. desember 2009

Umsögn vegna frumvarps til laga um almannatryggingar skv. lögum um félagslega aðstoð
o.fl. þskj. 315-274. mál.

Landssamtökin Þroskahjálp gera eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

Um 1. Grein.

Samtökin telja brýnt að starf úrskurðanefndar almannatrygginga verði skilvirkara en nú er. Þroskahjálp hefur farið með mál eins skjólstæðings síns fyrir nefndinni og hefur það mál tekið yfir hálf t.ár og er ekki ennþá útkljáð. Mál þetta varðar heimild TR að ganga frá samningi við atvinnurekanda vegna svokallaðs örorkuvinnusamnings. Það að mál þessa eðlis og sem ekki þarf að afla mikilla gagna við taki þetta langan tíma er með öllu óásættanlegt.

Samtökin gera ekki efnislega athugasemd við greinina en telja nauðsynlegt að áður en úrskurðanefndi fái aukin verkefni og lengri frest til að úrskurða, sé farið yfir störf nefndarinnar m.a. hve hátt hlutfall mála sé til lykta leitt innan lögbundinna tímamarka.

Um 4. Grein.

Landssamtökin Þroskahjálp geta fallist á hækkun örorkulífeyrisaldurs í 18 ár með þeim skilyrðum að samhliða verði gerð sú breyting á 4. grein laga um félagslega aðstoð, að heimild TR til að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfæranda fatlaðra og langveikra sé „**aukin** útgjöld eða sérstök umönnun eða gæslu“.

Árið 1997 voru gerðar síðustu stóru lagfæringarnar á kerfi umönnunargreiðslna. Í nefndaráli þeirrar nefndar sem vann tillögur fyrir tryggingaráð var bæði í tillögu að laga- og reglugerðarbreytingu tilgreint að heimild TR til að greiða foreldrum umönnunargreiðslur væri byggð á því að „hömlun barnsins hefði í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu“.

Í meðförum breyttist þetta ákvæði í að heimildin byggðist á því að hömlun barnsins hefði í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu.

Landssamtökin Þroskahjálp hafa ávallt andmælt þessari breytingu og með tveimur bréfum til heilbrigðisráðherra á árunum 2002 og 2003 var mótmælum samtakanna komið á framfæri. Auk þess sem samtökin hafa harðlega mótmælt að gerð sé tilraun til að tekjutengja bæturnar með því túlka orðin „tilfinnanleg útgjöld“ sem eitthvað hlutfall af tekjum foreldra eins og þáverandi kærunefnd almannatrygginga hafði velt upp.

Í svarbréfi heilbrigðisráðuneytisins frá 15. apríl 2003 kemur fram að breyting á orðunum **eða í og** í lagatextanum megi rekja til meðferðar málsins á Alþingi. Í niðurlagi bréfsins stendur:

„Telur ráðuneytið þó líklegt að ekki hafi átt að þrengja ákvæði 1. málslíðar 4. gr. og mun taka ábendingar Þroskahjálpa til sérstakrar athugunar“.

Ekkert hefur heyrst af þessari „sérstöku athugun“

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um stórskerðingu umönnunargreiðslna sem virðist byggð á því að virkja til fullnustu það ákvæði að sanna beri útgjöld með framvísun reikninga. Nú þegar til stendur að breyta örorkugreiðslum til ungmenna 16-18 ára í umönnunargreiðslur til foreldra þeirra er kærkomið tækifæri og bráðnaúðsynlegt að lagfæra þau mistök sem gerð voru fyrir 12 árum.

Um 8. Grein.

Samtökin fagna því að hækkun á frítekjumark öryrkja sé framlengd. Hinsvegar mótmæla samtökin því harðlega að annað árið í röð sé brotið það ákvæði 69. greinar að ákvörðun um upphæð bóta skuli „taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs“.

Samkvæmt Hagstofu Íslands hefur vísitala launa fyrstu þrjá ársfjórðunga 2009 hækkað um 4% og vísitala neysluverðs síðustu 12 mánuði um 8.6% . Það er því með öllu óásættanlegt að upphæð bóta þ.m.t. framfærslutryggingar hækki ekki neitt.

Um 10. Grein.

Landssamtökin Þroskahjálp ítreka athugasemd sína við 4. grein frumvarpsins en gera ekki frekari athugasemdir.

Um 11. Grein.

Landssamtökin Þroskahjálp fagna því að heimilt verði að framlengja tímabil endurhæfingarlífeyris.


Um 12. Grein.

Landssamtökin Þroskahjálp ítreka mótmæli sín við 8. grein að upphæð sérstakrar uppbótar hækki ekki, hvorki miðað við verðlags- eða launavísitölu. Einnig að ekki verði undanþegnar við útreikning uppbætur sem til eru komnar vegna sértækra útgjalda.

Landssamtökin Þroskahjálp gera ekki frekari athugasemdir við frumvarpið og telja að verði orðið við hófsömum athugasemdum þeirra sé hægt að búa við afleiðingar þess.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar



Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/715
komudagur 11.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.12. 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um Ábyrgðasjóð launa, lögum um fæðingar- og foreldraorlof, lögum um málefni aldraðra og lögum um húsnæðismál, með síðari breytingum. Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009. Þskj. 315 – 274 mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð o.fl. sem felur í sér grundvallarbreytingar á almannatryggingum sem gert er ráð fyrir að taki gildi þann 1. janúar 2010. Frestur til að skila inn athugasemdum eru einungis þrjú dagar sem nægir ekki til að skoða málið út frá öllum hliðum sem nauðsynlegt er þegar um lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð er að ræða.

Athugasemdir við frumvarpið í heild:

ÖBÍ telur löggjafann teygja sig til hins ítrasta, samkvæmt þessu frumvarpi er enn hoggið í sama knérunn. Lög sem verja átta lífeyrisþega við óvæntum áföllum í efnahagsmálum þjóðarinnar þar sem lífeyrisþegum var tryggð uppbót á lífeyri samkvæmt breytingum á verðlagi voru tekin úr gildi að mestu leyti um síðustu áramót og virðast ekki eiga að koma til framkvæmda þau næstu heldur. Viðbúið er að margir þurfi að endurgreiða til Tryggingastofnunar ríkisins (TR) og nú á að ná því með hörku og jafnvel gengið svo langt að breyta úrskurðarnefnd í dómsvald.

ÖBÍ mótmælir þessum aðgerðum með eftirfarandi athugasemdum við hverja grein fyrir sig.

Athugasemdir við breytingar á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum

Athugasemdir við 1. til 3. gr. frumvarpsins

Í fyrstu greinum frumvarpsins er gert ráð fyrir rýmkun verkefnasviðs úrskurðarnefndar almannatryggingar (ÚRAL). Nefndinni eru skv. frumvarpinu ætlað að úrskurða í málum, sem varða endurkröfurétt og innheimtu ofgreiddra bóta á grundvelli almannatryggingalaga og laga um félagslega aðstoð og um meðlagsgreiðslur.



ÖBÍ telur jákvætt að þessum málum sé fundinn farvegur, þ.e. kæruleið, og að ÚRAL þurfi ekki lengur að vísa þeim málum frá. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að hámarksfrestur ÚRAL til að kveða upp úrskurð í kærumálum verði lengdur úr 2 mánuðum í 3 mánuði.

ÖBÍ telur nauðsynlegt að kannað sé hvert sé hlutfall þeirra kærumála sem berast ÚRAL, sem nefndin nær að úrskurða í innan lögbundinna tímamarka, áður en henni eru veitt aukin verkefni og lengri frest til að úrskurða. Enn fremur telur ÖBÍ mikilvægt að forgangsraða kærumálum eftir vægi og auka mannafla ef hægt er.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að bæta nýrri málsgrein við 9. gr. laga um almannatryggingar, sem gerir úrskurði ÚRAL um endurkröfur ofgreiðslna aðfararhæfa. Breytingin er skelfileg og leggst ÖBÍ hart gegn þessari grein enda skerðir þetta réttarvernd öryrkja gríðarlega.

Með þessu er gerð undantekning frá meginreglunni um að kröfuhafi skuli fá dóm áður en hann getur leitað aðfarar. Undantekningar frá þessari meginreglu verður að réttlæta en engin rök hafa verið færð fyrir nauðsyn þessara breytinga. Úrskurðarnefndin hefur alls ekki verið það farsæl í úrskurði sínum að það réttlæti að úrskurðir hennar geti leitt til fjárnáms og gjaldprots einstaklinga.

Bent skal á að gert er ráð fyrir að „Tryggingastofnun gæti meðalhófs við innheimtu bóta...“ Ef raunverulegur vilji er til þess að gæta meðalhófs og réttaröryggis við innheimtu þá er ekki rétt að skerða þann rétt öryrkja að aðför vegna ofgreiddra bóta verði aðeins gerð á grundvelli dómsniðurstöðu. Rétt er að minna á að í 55. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 er þegar kveðið á um það með hvaða hætti stofnuninni er heimilt að endurkrefja ofgreiddar bætur. Stofnuninni er ekki heimilt að innheimta bætur með öðrum hætti en þar er kveðið á um nema í algerum undantekningartilfellum (fyrst og fremst ef einstaklingur á ekki lengur rétt til örorkubóta). TR er þannig aðeins heimilt að nýta „almennar innheimtureglur“ (sbr. niðurlag 1. mgr. 55. gr.) í örfáum tilvikum. Eru því ekki hagræðisrök með þeirri breytingu sem lögð er til. Þvert á móti má ætla að umdeilanlegt verði hvort og þá hvernig „almennar innheimtureglur“ séu leyfilegar í hverju tilviki fyrir sig og þannig enn meiri ástæða til að bera ágreininginn undir dómstóla.

Athugasemdir við 7. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 7. gr. frumvarpsins lið c. – er ætlunin að bæta inn í lögin ákvæði um vexti á kröfur vegna ofgreiðslu bóta í þeim tilvikum sem innheimtan tekur lengri tíma en 12 mánuði. Í ákvæðinu er enn fremur lagt til að vextirnir verði ákvarðaðir lágir, 5,5%.

ÖBÍ er ekki sammála því að 5,5% vextir séu lágir vextir. Ef ákvæðið verður að lögum þurfa lífeyrisþegar sem ekki geta greitt kröfu frá TR vegna ofgreiðslu bóta á 12 mánuðum, að greiða inn á kröfuna með vöxtum frá og með 13. mánuði. Þetta mun gera fjölda lífeyrisþega mun erfiðara um vik að standa í skilum. Hópur



Lífeyrisþega hefur náð að standa í skilum með því að semja við TR um að greiða kröfuna á lengri tíma en ári, allt að þremur árum.

ÖBÍ mótmælir þessari breytingu harðlega, sérstaklega þar sem á að endurskoða almannatryggingalögin og fjárhagsleg staða margra er mjög erfið.

Í greininni segir enn fremur að TR sé heimilt að falla frá kröfum um vexti þegar sérstaklega stendur á. Orðalagið, þegar sérstaklega stendur á er mjög loðið. Hvað fellur hérna undir? Hver metur og hvernig?

Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins

ÖBÍ fagnar því og telur mikilvægt að breytingar verði ekki gerðar á frítekjumarki atvinnutekna við útreikning tekjutrygginga fyrir örorkulífeyrisþega.

ÖBÍ andmælir harðlega að frumvarpið geri ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og meðlagsgreiðslur skuli haldast óbreyttar á árinu 2010. Lífeyrisþegar hafa orðið fyrir miklum skerðingum á yfirstandandi ári. Lög sem tryggja áttu kjör lífeyrisþega fyrir efnahagslegum skakkaföllum í samfélaginu voru tekin úr sambandi (69. gr.) og því hækkuðu bætur almannatrygginga ekki um 19,6% um síðustu áramót, eins og lög gera ráð fyrir. Flestir lífeyrisþegar fengu aðeins 9,6% hækkun og var því framfærslulífeyrir þeirra skertur um 10%.

Athugasemdir við breytingar á lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.

Athugasemdir við 11. gr. frumvarpsins

ÖBÍ fagnar því að frumvarpið skuli gera ráð fyrir framlengingu hámarkstímabils endurhæfingarlífeyris í allt að 36 mánuði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. ÖBÍ setur þó spurningu við það hvernig og hver meti hvað séu „sérstakar aðstæður“?

ÖBÍ gerir alvarlega athugasemd við þá breytingu í 11. gr. frumvarpsins að gerð verði krafa um lágmarksbúsetutíma á Íslandi áður en heimild til greiðslu endurhæfingarlífeyris myndast. Jafnframt mótmælir ÖBÍ að endurhæfingarlífeyrir skuli greiðast í hlutfalli við búsetu héraendis með sama hætti og örorkulífeyrir. Skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris hafa þeir sem „hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu“ (1. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007). Einstaklingur sem flytur til Íslands, fullfrískur og slasast eða veikist á fyrstu 6 mánuðum eftir flutning á því engan rétt á endurhæfingarlífeyri. Endurhæfing getur verið einstaklingum lífsnauðsynlegt bjargráð til að komast aftur til heilsu og verða virkari samfélagsþegnar. Enn fremur er hætt við að einstaklingar með mjög stuttan búsetutíma eigi lítinn sem engan rétt á greiðslum og geta því ekki farið í nauðsynlega endurhæfingu. Útlendingur í þessari stöðu gæti enn fremur átt á hættu að dvalarleyfi verði ekki framlengt, ef hann hefur þurft sökum óvinnufærni og lágra eða engra tekna að leita til félagsþjónustu sveitarfélaga eftir



fjárhagsaðstoð. Hér er því um fátæktargildru að ræða. Með breytingunni er unnið þvert á það sem ráðamenn halda á lofti um að virkja fólk til þátttöku í samfélaginu.

Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins ber TR að hafa eftirlit með framkvæmd endurhæfingar, þ.e. að sinna eftirfylgd með endurhæfingaráætlun og meta árangur hennar. ÖBÍ vill benda á að TR er ekki hlutlaus aðili, heldur stofnun sem sér um að ákvarða og greiða endurhæfingarlífeyri. Því þyrfti hlutlaus aðili eða teymi hlutlausra aðila að sinna því hlutverki sem frumvarpið ætlar TR.

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins

12. gr. frumvarpsins varðar reglugerð nr. 878/2008 um sérstaka uppbót til framfærslu lífeyrisþega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar skattskyldar tekjur almannatrygginga og bætur skv. lögum um félagslega aðstoð skerði framfærsluuppbótina. Eina undantekningin er orlofs- og desemberuppbót.

ÖBÍ gerir þá skýlausu kröfu að uppbótaflokkar á lífeyri, sem lífeyrisþegar fá greidda til að mæta verulegum viðbótarkostnaði, s.s. bensínstyrkur og uppbót vegna læknis- og lyfjakostnaðar skerði ekki framfærsluuppbót, sem lífeyrisþegar fá skv. reglugerð nr. 878/2008.

Athugasemdir við breytingar á lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Ákvæði til bráðabirgða

Athugasemdir við 16. gr. frumvarpsins

ÖBÍ tekur undir orð Velferðarvaktarinnar þar sem vaktin varar við áformum stjórnvalda um að fresta greiðslu foreldra- og fæðingarorlofs eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Með frumvarpinu er „alvarlega gengið á rétt barna til samvista með foreldrum sínum á mikilvægum tíma í mótunarskeiði þeirra. Þessi áform eru sérstaklega alvarleg gagnvart börnum einstæðra mæðra í þeim tilvikum sem feðurnir nýta að engu leyti rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeim börnum yrðu einungis tryggðir fimm mánuðir með móður á fyrsta æviári í stað sex mánaða.“ (Ályktun Velferðarvaktarinnar til félags- og tryggingamálaráðherra og félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags 8. desember 2009).

Athugasemdir við breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999

Athugasemd við 17. gr. frumvarpsins

Í 17. gr. frumvarpsins er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 866 kr (11,5%) í 8.400 kr.

ÖBÍ mótmælir þessari hækkun, sem er ein af mörgum hækkunum sem lífeyrisþegar verða fyrir á sama tíma og greiðslur til þeirra hafa verið skertar (sjá 8. gr.)



Þetta gerist á sama tíma og margir lífeyrissjóðir hafa lækkað greiðslur í kringum 10% til allra lífeyrissjóðsþega 1. júní 2009. Að auki eru reglur þrengdar þannig að til enn meiri skerðinga hefur komið hjá 1900 lífeyrisþegum.

Lokaorð

Þess er krafist að alþingi dragi tilbaka fyrirhugaðar skerðingar og tillögur sem fram koma í frumvarpinu og leiti annarra leiða.

Virðingarfyllt,
f.h. ÖBÍ,


Guðmundur Magnússon,
formaður